

Námsgrein: Enska

9. bekkur

Kennari: Harpa Ásgeirsdóttir og Svala Hrund Stefánsdóttir

Tímafjöldi á viku: 2 klukkustundir

Námsefni: Til grundvallar verður bókin Spotlight 9. Þar að auki verða ýmis önnur verkefni unnin sem fléttast inn í námið, svo sem rafræn verkefni, hópaverkefni, munnlegar æfingar, hlustanir, ritanir, samskiptaæfingar og kynningar. Þar að auki verða lesnar léttlestrarbækur, horft á þætti, kvikmyndir og hlustað á tónlist.

Kennsluaðferðir og skipulag: Innlagnir, umræður, einstaklingsvinna, vinnubókarvinna, paravinna, hópavinna, skriflegar æfingar, samræður, hlustun sem og ýmiss verkefni frá kennara.

Námsmat: Símat. Ýmis fjölbreytt verkefni unnin af nemendum einstaklinga eða í samvinnu við aðra. Þátttaka og virkni nemenda í kennslustundum. Mat hæfniviðmiða eru birt á Mentor.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur geti lesið sér til gagns og gamans margskonar texta, úr bókum, blöðum eða fjölmiðlum. Nemendur geti verið læs á umhverfi sitt, þjálfist í myndlæsi og bregðist á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.
Sjálfbærni	Nemendur læri að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu álitamálum og ágreiningsefnum, á lýðræðislegan hátt, bæði með ritun og framsögn. Að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og læri að beita þeim björgum sem í boði eru í tungumálanámi, s.s. orðabækur á netinu, villuforrit og svo framvegis.
Heilbrigði og velferð	Að skapaður sé jákvæður skólabragur þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum og að nemandi geti unnið út frá sínum styrkleikum með það að markmiði að styrkja sjálfsmyndina.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur læri að taka meiri ábyrgð á eigin námi og hafa val um ýmislegt sem að því lýtur s.s. áhugasviðsverkefnum og skilaverkefnum.

Jafnrétti	Með fjölbreyttum kennsluaðferðum sem byggja á samvinnu, hópavinnu, þemavinnu og rannsóknarvinnu er lögð áhersla á jafnrétti. Nemendur læra að virða skoðanir og sjónarmið hvers annars, hlusta á hvern annan og taka tillit til innleggs annarra.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til þess að nýta sköpunargáfur sínar í fjölbreyttum verkefnum. Vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun, s.s. gerð veggspjalda, myndbanda, semja texta og sögur.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
- Lestur og bókmenntir. - Talað mál. - Hlustun. - Áhorf. - Ritun.	- Spotlight 9 lesbók og vinnubók. - Love Actually. - Forrest Gump. - Efni af netinu. - Kvikmyndir og þættir. - Ýmiss gögn frá kennara.	- Skilið helstu aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg efni. - Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum og unnið úr því. - Hlustað eftir upplýsingum og unnið með þær. - Unnið með upplýsingar úr texta og áttað sig á aðalatriðum. - Lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum og brugðist við efni þeirra. - Lesið sér til ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi. - Lesið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum. - Tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða.	- Orðaforðaverkefni. - Hlustunarverkefni. - Ritunarverkefni. - Glærukynningar. - Stuttmyndagerð.

		• Þjálfist í almennum samskiptum og tekið á móti upplýsingum. • Þjálfist í samræðum og látið skoðun sína í ljós. • Þjálfist í að tjá sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með. • Flytji frásögn eða kynningu af öryggi. • Þjálfist í að beita málinu. • Þjálfist í að skrifa samfelldan texta eftir ákveðnum upplýsingum. • Verði öruggari í að skrifa efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.	
• Málfræði	• Spotlight 9 vinnubók. • Gagnvirkt efni af vefsíðum. • Ýmis gögn frá kennara.	• Þekki munin á ákveðnum og óákveðnum greini og geti notað hann á réttan hátt. • Geti notað eintölu og fleirtölu nafnorða á réttan hátt. • Kunni að stigbreyta lýsingarorð og ritað þau rétt. • Kynnist eignarfalli nafnorða og þjálfist í að nota það rétt. • Nemandi geti notað forsetningar á réttan hátt. • Nemandi auki þekkingu sína á fornöfnum og tíðum sagna.	• Málfræðikannanir. • Málfræðiverkefni á vef. • Sagnapróf